

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Haralds prófessors Níelssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 8. október 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Haralds prófessors Níelssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Haralds prófessors Níelssonar, og er hann stofnaður til minningar um Harald prófessor Níelsson á 10 ára dánardegi hans, hinn 11. marz 1938. Sjóðurinn var stofnaður af Háskóla Íslands, en aukinn með gjöfum vina og aðdáenda Haralds Níelssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands og undir stjórn háskólaráðs.

3. gr.

Höfuðstóll sjóðsins, sem aldrei má skerða, skal ávaxta sem tryggilegast, með því að kaupa fyrir fé sjóðsins bankavaxtabréf veðdeildar Landsbanka Íslands eða önnur álíka trygg verðbréf.

4. gr.

Reikninga sjóðsins skal gera eftir hver áramót, og skal endurskoða þá með sama hætti sem reikninga annara sjóða háskólans og birta í Árbók háskólans.

5. gr.

Af vöxtum eða öðrum arði af eignum sjóðsins skal jafnan ár hvert leggja að minnsta kosti einn fimmta hluta við höfuðstól hans. Afganginn skal eftir nánari ákvörðum háskólaráðs varið til þess að bjóða erlendum eða innlendum fræðimönnum að flytja eitt eða fleiri erindi við háskólann og til útgáfu erinda þeirra á prenti. Skulu erindin gefin út jafnóðum á íslenzku og, ef ástæða þykir til, einnig á einhverju erlendu máli, og skal það ritsafn bera nafn Haralds Níelssonar. Að jafnaði skal reynt að bjóða einum fyrirlesara á hverju ári, en þó er háskólaráði heimilt að láta fyrirlestrahald falla niður eitt eða fleiri ár í senn, ef efnahagur sjóðsins eða aðrar ástæður mæla með því, og má þá leggja saman tekjur fleiri ára til þess að kosta einn fyrirlesara.

6. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari og birta hana í Árbók háskólans.